

Verkefni 1	Air 66N
Markmið (SMART)	Að markaðssetja Norðurland sem áfangastað fyrir beint millilandaflug um Akureyaraflugvöll, auka flugumferð erlendis frá, fjölga erlendum ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvalartíma þeirra.
Stutt verkefnalýsing	<ul style="list-style-type: none"> • Framleiða sérsniðið kynningarefni með áherslu á myndbönd og myndabanka. Kynningarefnið er almenn kynning á svæðinu, þ.e. án fyrirtækja, og er miðað að mismunandi markaðssvæðum. Efnið er sérsniðið fyrir markaðssetningu millilandaflugs og til notkunar fyrir flugfélög, ferðaskrifstofur, norðlensk ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög. • Taka þátt í sýningum, ráðstefnum og fyrirtækjastefnumótum, þar sem Norðurland er kynnt fyrir ferðaskrifstofum (sbr Super Break) • Þjóða fulltrúum flugfélaga og ferðaskrifstofa til Norðurlands til að kynna þeim svæðið. • Heimsóknir til flugfélaga og ferðaskrifstofa erlendis. • Taka þátt í markaðsaðgerðum fyrir Norðurland í samstarfi við flugfélög í upphafi millilandaflugs (auðvelda inngöngu á markað) • Taka þátt í sérstökum sýningum/viðburðum sem snúa beint að flugfélögum. <p>Árið 2019 verður áherslan sett á þátttöku á sýningum, heimsóknum til flugfélaga, boðsferðum til Norðurlands og slíka hluti. Einnig endurnýjum á bæklingum og öðru prentuðu efni til að fara með á sýningar og vinna við greiningu og framsetningu á tölulegum gögnum fyrir flugfélög. Samtals kostnaður 4.000.000.</p> <p>Jafnframt verður framleitt sérsniðið efni (myndir og myndbönd) fyrir flugfélög og ferðaskrifstofur – að mestu verður um að ræða endurnýtingu á eldra efni en einnig lítillega nýtt efni. 1.000.000</p> <p>Árið 2020 er svo stefnt að framleiðslu frekara kynningarefnis, fáist til þess stuðningur.</p>
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Norðurlands
Samstarfsaðilar	Ferðaþjónustuaðilar og fyrirtæki á Norðurlandi, Isavia og

	Íslandsstofa.
Tengsl við sóknar- áætlun 2015-2019	Það segir í 2. kafla Sóknaráætlunar Norðurlands eystra um framtíðarsýn, að beint millilandaflug um landshlutann sé til staðar. Þetta verkefni fellur beint að þeirri framtíðarsýn. Í kafla 3.3. kemur fram mikilvægi þess að bæta samgöngur og aðgengi fyrir ferðamenn, þ.á.m. að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Í kafla 4.1. kemur fram að stærsta hagsmunamál landshlutans í heild sé millilandaflug um Akureyrarflugvöll. 7. meginmarkmið Sóknaráætlunar er reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll.
Árangursmælikvarði/ar	<ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi farþega í millilandaflugi. • Fjöldi gistinguáttá á Norðurlandi. • Hlutdeild Norðurlands í heimsóknnum erlendra ferðamanna. • Fjöldi kynnisferða blaðamanna og ferðaskrifstofa á Norðurlandi. • Fjöldi flugfélaga/ferðaskrifstofa sem náðst hafa viðræður við. • Fjöldi flugfélaga/ferðaskrifstofa sem hafa sent fulltrúa til Akureyrar vegna mögulegs millilandaflugs.
Lokafurð	<ul style="list-style-type: none"> • Aukin flugumferð um Akureyrarflugvöll erlendis frá. • Kynningarefni, sérniðið að markaðssetningu fyrir millilandaflug.
Tímarammi	Janúar 2019 – desember 2019
Heildarkostnaður	10.000.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2019	5.000.000 kr.